

139. löggjafarþing 2010–2011.
Pskj. 754 — 464. mál.

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um áskrift að dagblöðum og héraðsfréttablöðum.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvað kaupa ráðuneytið og stofnanir þess mörg dagblöð og héraðsfréttablöð í áskrift, hvaða blöð og hve mörg eintök? Óskað er að fram komi hvaða stofnanir kaupa áskriftir og hve margar áskriftir hver stofnun kaupir, sundurliðað eftir blöðum og skipt eftir vef-áskrift og pappírsáskrift.
2. Hve mikið greiða ráðuneytið og stofnanir þess samtals fyrir blaðaáskriftir, dagblöð og héraðsfréttablöð? Óskað er sundurgreiningar eftir blöðum og áskriftargerðum.

Skriflegt svar óskast.